

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 10. desember 2021  
UST202111-231/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 - Egilsstaðir - nýjar íbúðalóðir**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaþings er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 vegna nýrra íbúðarlóða á Egilsstöðum.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina íbúðarsvæði á Egilsstöðum fyrir tvær lóðir þar sem áður var opið svæði. Auk þess kemur fram að önnur lóðin er við enda götunnar Einbúabla, sunnan við klettinn Einbúa. Hin lóðin er við enda Mánatraðar, norðvestan við Kolhöfða. Á svæðinu er trjágerði og lítill leikvöllur þar fyrir innan, sem þarf að færa til.

**Þétting byggðar**

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið sé að huga að þéttingu byggðar innan þéttbýlis Egilsstaða. Hins vegar þarf að meta í tillögunni áhrif hennar á græn svæði, eins og náttúrumyndun eða útivistarsvæði.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur